

SAMÞYKKT

um notkun og hreinsun rotþróa í dreifbýli í Fljótsdalshreppi.

1. gr.

Skolp frá húsum í dreifbýli í Fljótsdalshreppi skal leiða í gegnum rotþró. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar Austurlands.

2. gr.

Hreinsun og tæming rotþróa skal framkvæmd undir yfirstjórn sveitarfélagsins í samráði við heilbrigðisnefnd Austurlands. Eingöngu aðilar með starfsleyfi til holræsahreinsunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, mega annast framkvæmdina. Rotþró skal hreinsa að jafnaði annað hvert ár. Rotþróarseyru skal farga á viðurkenndan hátt, sbr. reglugerð um meðferð seyru nr. 799/1999. Húseigandi skal sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni.

3. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald og skal það standa undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur í samræmi við ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Rotþróargjald skal á lagt og innheimt á sama hátt og önnur fasteignagjöld til Fljótsdalshrepps.

4. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

5. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og tekur gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 18. janúar 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 693/2001, um eiginfjárlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfabjónustu.

1. gr.

Í stað núverandi 3. tl. 1. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi 3. tl.:

3. Áhættuvog 0,5:

- a. lán tryggð með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði, sem er eða mun verða nýtt eða leigt út af lántakanda, innan 80% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins,

- b. lán sem veitt eru fyrir 21. júlí 2000, sem eru að fullu tryggð með veði í fjölnota atvinnuhúsnæði innan við 60% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins, enda sé húsnæðið nýtt eða leigt út af lántakanda og gefi af sér eðlilegar leigutekjur,
- c. lán veitt frá og með 21. júlí 2000 sem eru að fullu tryggð með veði í fjölnota atvinnuhúsnæði innan við 50% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins, enda sé húsnæðið nýtt eða leigt út af lántakanda og gefi af sér eðlilegar leigutekjur. Falli eignirnar í verði um meira en sem nemur 10% frá síðasta mati getur Fjármálaeftirlitið sett aðrar reglur um áhættuvog lána samkvæmt þessum staflíð, og
- d. verðbréf, þ.m.t. verðbréf sem fela í sér hlutdeild í safni verðbréfa, sem tryggð eru með fasteignaveði eins og tilgreind eru í staflíðum a.-c. og innan sömu marka og þar eru tilgreind. Slík verðbréf þurfa að vera að fullu og milliliðalaust tryggð með samlagi framangreindra fasteignaveða sem eru í fullu gildi þegar verðbréfin, sem eru tryggð með veði, eru gefin út. Fjárfestar í verðbréfum sem eru tryggð með fasteignaveði, eða fjárvörslumenn eða umboðsmenn fyrir hönd þeirra, þurfa að hafa forgangsrétt gagnvart eignunum, sem eru lagðar að veði til tryggingar verðbréfunum, í réttu hlutfalli við verðbréfaeign sína.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi málsgrein:

Áhættuvog 1,0 gildir um þann hluta lána samkvæmt staflíðum a., b., c., og d. í 3. tl.

1. mgr., sem er umfram þau mörk sem þar eru tilgreind.

3. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, 10. gr. laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, og 1. mgr. 42. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfaviðskipti, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 14. janúar 2002.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

REGLUGERÐ

um brottfellingu reglugerðar nr. 221/1939 um skyldutryggingar.

1. gr.

Reglugerð nr. 221/1939 um skyldutryggingar fellur úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 14. janúar 2002.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.